

## **Fundargerð (22)**

**Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 2. febrúar 2021, kl. 14.00.**

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 29. janúar.

1. **Fundargerð 21. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Vaktahvati innan stofnunar – til ákvörðunar.** Bára Hildur sagði frá því að verkefnisstjórnin hafi fengið upplýst að tæknilegar lausnir til að reikna vaktahvata hjá starfsfólki sem er í fleiri en einu starfi séu tiltækar hjá MyTimePlan. Enn er beðið svara frá Advania um hvort kerfislegar lausnir séu í Vinnustund. Áhersla lögð á að Vinnustund verði að geta séð fyrir þeim tæknilegu lausnum sem nauðsynlegar er vegna kerfisbreytinganna framundan.
4. **Leiðbeiningar ef hópar lækka í launum. Ferillin framundan.** Verkefnisstjórnin gerði grein fyrir þeirri niðurstöu sinni að ekki sé unnt að gefa út einhlítar leiðbeiningar um hvernig takast á við vísbendingar um að hópar kunni að lækka í launum vegna kerfisbreytinganna. Nauðsynlegt sé að kafa ofan í staðbundnar aðstæður á vinnustöðum og sníða viðbrögð og lausnir að hverju viðfangsefni. Þær lögðu til að verkefnisstjórnin forgangsraði tíma sínum næstu vikur í hálf dags samstarfsfundi með stjórnendum með það að markmiði að veita stuðning og upplýsingar til að stuðla að samræmdri framkvæmd. Tilgangurinn sé að leiðarljós og lykilmælikvarðar betri vinnutíma í vaktavinnu verði ætíð í öndvegi. Bára Hildur fór yfir fyrstu hugmyndir um hvernig flokka má saman á fundina til að fjöldi verði viðráðanlegur.

Tillögu verkefnisstjórnarinnar var fagnað og fullur stuðningur við að hún forgangsraði tíma sínum í þágu þessara funda á næstu vikum. Fulltrúar í stýrihópnum munu gefa verkefnisstjórninni ráð um vinnustaði sem geti átt saman á slíkum fundum. Í framhaldi af samskiptum við Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var samþykkt að þeim skyldi boðið sameiginlega á fund. Jafnframt var bent á hvaða heilbrigðis- og öldrunarstofnanir geti flokkast saman. Stýrihópurinn þakkaði framtak verkefnisstjórnar og bindur vonir við að

samstarfsfundirnir geti orðið mjög gagnlegir. Af ákvörðun um þessa forgangsróðun leiðir að stýrihópsfundur fellur niður í næstu viku.

5. **Leiðbeiningar um lengd vakta.** Að gefnu tilefni rifjaði fundarstjóri upp leiðbeiningar um lengd vakta vegna betri vinnutíma í vaktavinnu, sem stýrihópurinn gaf út eftir fund 12. janúar. Í forgrunni leiðbeininganna eru leiðarljósín öryggi, heilsa og jafnvægi vinnu og einkalífs, sem byggð eru á vísindalegum rannsóknum til margra ára. Almenna reglan um lengd vakta sem stýrihópurinn mælir þar með er 6 – 9 klst og áhersla lögð á samráð við starfsfólk og nauðsyn umbótasamtals. Fram kom í umræðu að málið sem varð tilefni þessa dagskrárliðar hefur fengið úrslausn. Mikilvægt að markvisst og nærfærið umbótasamtal eigi sér stað í undirbúningi og innleiðingu kerfisbreytingarinnar og að aðilar samkomulagsins í fylgiskjali II gæti að bæði skyldum og réttindum.
6. **Tæknimál – til upplýsinga.** Bára Hildur upplýsti að enn sem fyrr hafi verkefnisstjórnin áhyggjur af því hvort tæknilegu kerfin, sem þjóna eiga kerfisbreytingunni verði fullbúin í tæka tíð. Þó bindi verkefnisstjórnin vonir við að nú hafi tveir verkefnisstjórar á vegum ríkisins tekið við fullri ábyrgð á samskiptum við tæknifyrirtækin og að fylgja eftir kröfum um lausnir sem verða að vera tiltækar. Þeir hafi þegar áorkað miklu og sinni ábyrgð sinni af fullri einurð.
7. **Innleiðingarhópar – verkefnaáætlun.** Aðeins hefur borist áætlun frá innleiðingarhópi ríkisins en aðrir innleiðingarhópar eru enn með verkefnaáætlun og tímalínu í vinnslu. Í umræðu kom fram hversu mikilvægt er fyrir starf innleiðingarhópanna að þeir ræði sig gegnum skýra tímabundna áætlun um hvað þurfi að liggja fyrir á hverjum tíma til að ljúka megi þeim verkefnum sem þarf fyrir lokadagsetninguna 1. maí nk.
8. **Önnur mál**
  - Samþykkt tillaga verkefnisstjórnar um að matshópi og innleiðingarhópum verði veittur aðgangur að framvinduskýrslum verkefnisstjórnar til stýrihóps.

Fundi slitið kl. 15.32. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fundur 16. febrúar kl. 14.00.